

Heilbrigðisráðuneytið
Ásta Valdimarsdóttir
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Húsavík, 16.10.2022

Efni: Beiðni um 110 milljóna aukna fjárheimild til rekstrar hjúkrunarrýma hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Rekstur Heilbrigðisstofnun Norðurlands hefur á undanförunum árum verið að mestu í jafnvægi. Það hefur þó smá saman verið að halla undir fæti og hluti af skýringunni liggur í rekstri hjúkrunarrýma en þau eru rekin eð verulegum halla. HSN rekur 110 hjúkrunarrými á fjórum stöðum. Í apríl 2021 var gefin út skýrslan „Greining á rekstri hjúkrunarheimila“. Í henni kemur fram að megin þorri allra hjúkrunarheimila hafi verið rekin með viðvarandi halla mest vegna hækkaðs launakostnaðar. HSN hefur orðið fyrir sömu áhrifum af hækkuðum launum starfsfólks og áhrifum af styttingu vinnutímans eins og önnur hjúkrunarheimili.

Í framhaldi af skýrslunni voru samningar SÍ við mörg heimili endurnýjaðir og greiðslur hækkaðar. Leiðréttingin nam um 7% af tekjum samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Gekk þetta yfir öll hjúkrunarheimilin sem höfðu samninga við SÍ. HSN hefur rekið hjúkrunarheimilið Hvamm á Húsavík og þar skiptu þessar hækkanir miklu. Í tilfelli Hvamms dugði þetta til þess að ekki þurfti að leggja rekstrinum til fé frá sveitarfélögunum þótt húsnæðiskostnaðurinn lægi áfram á þeim.

Samsvarandi styrking á fjárhag HSN næmi um 110 milljónum og sem er í raun helmingur þess rekstrarvanda sem stofnunin glímir við. 2021 fékk HSN aukafjárveitingu upp á 100 milljónir til reksturs hjúkrunarrýma sem ekki skilaði sér í varanlegar fjárheimildir. Staðreyndin er að það er talsvert dýrara að reka 110 hjúkrunarrými á fjórum stöðum en ef öll rýmin væru á einum stað þrátt fyrir að þau styðjist við aðra þjónustu á stöðunum. Hagræðingamöguleikarnir í þessari þjónustu eru líka takmarkaðari en í heilsugæslunni þar sem hægt er að minnka þjónustuna til að ná endum saman. Þetta er auðvitað að hluta ástæða þess að sveitarfélögin hafa látið frá sér þessa þjónustu.

Nauðsynlegt er því að styrkja fjármögnun hjúkrunarrýma hjá HSN á sama hátt og gert var við hjúkrunarheimilin sem voru með samning við SÍ. Annars er hætt við viðvarandi halla á rekstri á rekstri þeirra dragi fé frá öðrum þjónustu þáttum.

Meðfylgjandi er samanburður á greiðslum fyrir hjúkrunarrými hjá Hvammi á Húsavík og HSN. Samkvæmt þeim vantar HSN 111 milljónir upp á það að hafa samsvarandi greiðslur og Hvammur.

HSN fjármögnun hjúkrunarrýma	
HSN fjárlög með launabótum	1.787.700.000
Húsaleiga og orka	210.583.500
Greiðslur án húsnæðiskostnaðar	1.577.116.500
Fjöldi rýma	110
Greitt per rúm á ári	14.337.423
Greitt per dag	39.281

Hvammur greiðslur án húsnæðisgjalds	
Hvammur hjúkrunarrými jan-ágúst 2022	352.192.000
Covid greiðsla	4.335.822
Greiðsla án Covid	347.856.178
Samtals í 12 mánuði	521.784.267
Fjöldi rýma	34
Greitt per rúm á ári	15.346.596
Greitt per dag	42.045

Mismunur per rými	1.009.173
Mismunur á greiðslum á ári	111.009.070

Það er því sanngjarnt og nauðsynlegt að HSN fá sömu styrkingu á fjármögnun hjúkrunarrýma eins og hjúkrunarheimili með samning við SÍ fengu. Styrkja þarf fjármögnunina um 110 milljónir.

Virðingarfyllst fyrir hönd HSN

Jón Helgi Björnsson, forstjóri